

**147. fundur** í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.  
*- haldinn þann 09.06.2021*

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Gils Einarsson, Magdalena Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Ása Valdís Árnadóttir boðaði forföll og varamaður hennar gat ekki mætt.

1. **Fræðslunetið í tölum.** Eyjólfur fór yfir og kynnti ýmsar tölur úr starfsemi Fræðslunetsins árið 2020 samanborið við fyrri ár.
2. **Starfsmannamál.** Eyjólfur kynnti breytingar á stöðugildum hjá Fræðslunetinu frá og með 1. ágúst nk. Starfshlutfall einstakra starfsmanna ýmist hækkar eða lækkar.
3. **Bókun af fundi Nýheima.** Framkvæmdastjóri kynnti svar stjórnar Nýheima við erindi Fræðslunetsins dagsettu 6.4.2021 og bréf framkvæmdastjóra Nýheima sem barst í kjölfarið.
4. **Önnur mál**
  - a. Helstu fréttir úr starfseminni. Framkvæmdastjóri kynnti stjórn fréttir af starfsemi Fræðslunetsins.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17.50

*Sigursveinn Sigurðsson ritaði fundargerð*